

Rökstuðningur dómnefndar Kuðungsins 2025

Ráðherra, verðlaunahafar og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að gera grein fyrir niðurstöðu dómnefndar Kuðungsins fyrir árið 2025 en verðlaunin eru veitt fyrirtækjum og stofnunum fyrir framúrskarandi árangur í umhverfismálum.

Dómnefndina í ár skipuðu þau Benedikt Traustason, Auður Alfa Ólafsdóttir, Bára Huld Beck og Hafþór Ægir Sigurjónsson.

Ég held að það sé óhætt að segja að starf dómnefndar hafi verið skemmtilegt og einstaklega lærdómsríkt, enda er mikill metnaður fyrir umhverfismálum í því starfi sem er unnið af hálfu þeirra stofnana og fyrirtækja sem tilnefnd voru.

Dómnefndin hittist alls í 5 skipti við yfirferð tilnefninga og horfði til fjölda þátta á sviði umhverfismála og samfélagslegra áhrifa við val sitt. Þar má nefna umhverfisstjórnun, losun gróðurhúsalofttegunda, lágmörkun úrgangs og efnanotkunar, umhverfisvæna þróun á vöru eða þjónustu, samstarf í umhverfismálum og vinnuumhverfi.

Verðlaunin eru veitt í tveimur flokkum, þ.e. í flokki minni og stærri fyrirtækja eða stofnana. Eftir vandlega yfirferð kom dómnefndin sér saman um fimm fyrirtæki sem komust áfram í úrslit, tvö minni og þrjú stærri. Fyrirtækin voru heimsótt eða rætt við þau á fjarfundi og gafst með því tækifæri til að kafa nánar ofan í störf þeirra.

Minni fyrirtæki

Verðlaun í flokki minni fyrirtækja eru gefin þeim fyrirtækjum eða stofnunum þar sem hámarksfjöldi starfsmanna er í kringum fimmtíu talsins. Í ár komust smáforritið Humble og Lögreglan á Vesturlandi í úrslit og stóð dómnefnd frammi fyrir því að velja þar á milli.

Lögreglan á Vesturlandi hefur áður hlotið sérstaka viðurkenningu Kuðungsins vegna metnaðarfulls starfs í umhverfismálum. Með rafbílavæðingu bílaflota lögreglunnar hefur tekist að minnka kolefnisspor hennar um 88% á síðustu 4 árum. Jafnframt hefur rafbílavæðingin leitt af sér tækifæri til þess að auka löggæslu á Vesturlandi, bæta mönnun, aðbúnað starfsfólks með fjármagni sem annars hefði verið varið í jarðefnaeldsneyti. Með aukinni áherslu á orkunýtingu á starfsstöðvum lögreglunnar hefur þrátt fyrir rafbílavæðinguna tekist að draga úr rafmagnsnotkun hennar. Störf hennar eru því sérstaklega metnaðarfull á sviði umhverfismála.

Humble er sprotafyrirtæki sem rekur markaðstorg sem vinnur gegn matarsóun. Þar gefst fyrirtækjum tækifæri til þess að selja mat, tilbúna rétti eða vörur sem annars hefði verið hent. Notendum forritsins gefst tækifæri á að kaupa vöruna á talsvert lækkuðu verði og þannig er komið í veg fyrir matarsóun. Starf Humble hefur bein jákvæð áhrif á umhverfið, auk þess að gefa notendum forritsins tækifæri á að nálgast matvöru á lækkuðu verði sem hefur samfélagslean ávinning í för með sér. Auk þess vekur starfsemi fyrirtækisins notendur sem og aðra til umhugsunar um umhverfismál.

Þótt starfsemi Humble og Lögreglunnar á Vesturlandi sé ólík á flestum sviðum, hafa þau bæði náð eftirtektarverðum árangri í umhverfismálum. Dómnefndin komst þó að þeirri niðurstöðu að veita markaðstorginu Humble umhverfisverðlaun ársins 2025 í flokki minni fyrirtækja.

Humble

Við mat sitt leit dómnefndin til þess að Humble hefur frá upphafi haft það verkefni að leiðarljósi innan fyrirtækisins að draga úr matarsóun og eftir talsverða vinnu í upphafi við að skilgreina bestu leiðina að því markmiði hefur fyrirtækinu vaxið fiskur um hrygg. Notendur forritsins eru nú um 35.000 talsins og hefur fyrirtækið vaxið tífalt á liðnu ári og bjargað umtalsverðum verðmætum frá því að vera hent með tilheyrandi áhrifum á umhverfið. Árið 2025 kom fyrirtækið í veg fyrir að 31 tonni af matvælum væru hent og komið í veg fyrir losun sem svara til 100 tonna af koltvísýringi. Árangur Humble í að draga úr matarsóun sýnir að þegar réttu verkfærin eru til staðar eru möguleikar til breytinga miklir.

Dómnefndin óskar Humble innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Stærri fyrirtæki

Í flokki stærri fyrirtækja komust Colas, Krónan og Orkuveitan í úrslit og beið dómnefndar að velja á milli þeirra þriggja.

Malbikunarfyrirtækið Colas hefur á undanförnum árum verið leiðandi á Íslandi við endurnýtingu á efni sem notað er til malbiksgerðar. Við malbiksgerð er bæði notast við steinefni sem eru að stærstum hluta flutt til landsins erlendis frá með tilheyrandi áhrifum á umhverfið. Þá er einnig notast við bik en bæði efnin má endurnýta við veglagningu. Colas hefur þróað leiðir til þess að auka endurnýtingarhlutfall þessara hráefna og fært Ísland nær Norðurlöndunum í þeim efnum. Þá hefur fyrirtækið lagt mikla áherslu á að leita nýrra leiða við að draga úr kolefnisspori nýframkvæmda og hvatt verkkaupa til þess að nýta sér umhverfisvænni kosti sem hafa verið þróaðir af fyrirtækinu.

Orkuveitan og samsteypa hennar hefur undanfarna áratugi lagt metnað sinn í að draga úr neikvæðum áhrifum af starfsemi sinni á umhverfið. Metnaður fyrirtækisins birtist t.a.m. í fjölmörgum endurheimtarverkefnum þar sem farnar eru nýstárlegar leiðir við að minnka rask vegna framkvæmda sem hefur átt sér stað. Sömuleiðis hefur fyrirtækið verið leiðandi við uppsetningu rafhleðslustöðva um allt land. Þá ber að nefna að á síðasta ári var lofthreinsistöðin Steingerður tekin í gagnið sem dregur nær alfarið úr losun brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið minnkar umtalsvert. Áhrif Steingerðar verða að fullu komin fram á þessu ári.

Matvöruverslunin Krónan hefur verið í fararbroddi þegar kemur að því að bjóða viðskiptavinum sínum upp á umhverfisvæna valkosti á matvörumarkaði á samkeppnishæfu verði, dregið úr matarsóun í allri sinni aðfangakeðju, lagt áherslu á sýnilegt starf í umhverfismálum til neytanda og með fræðslu til starfsfólks. Krónan hefur sömuleiðis lagt áherslu á að draga úr kolefnisspori sínu, nýtt umhverfisvæna orkugjafa, stutt við ýmis umhverfisverkefni, sett umhverfisverkefni sín í samhengi við fleiri þætti t.a.m. lýðheilsu og

lagt metnað sinn í að draga úr áhrifum af starfsemi sinni á umhverfið. Krónan lauk nýlega við endurvottun Svansins á öllum verslunum sínum.

Dómnefndin var sammála um að öll þessi fyrirtæki tækjust á við umhverfismál af miklum metnaði í sinni starfsemi. Það var þó niðurstaða dómnefndar að veita Krónunni viðurkenningu ársins 2025 í flokki stærri fyrirtækja.

Krónan

Hér nefni ég þau atriði sem dómnefndin horfði sérstaklega til við val sitt. Þar ber að nefna það úthald og þrautseigju sem Krónan hefur sýnt í umhverfismálum frá því hún ákvað að vera í fararbroddi fyrir rúmum áratug síðan með rekstri sjálfbærari matvöruverslana. Metnaður Krónunnar birtist á ýmsan hátt t.a.m. með stuðningi við nýjar og skapandi leiðir til þess að draga úr myndun úrgangs, þó svo að þær hafi ekki endilega skilað fjárhagslegum ávinningi. Verslunarkeðjan hefur markvisst dregið úr kolefnisspori á sinni ábyrgð með rafbílavæðingu og útskiptum á kælimiðlum. Markvisst hefur verið stutt við minni innlenda matvælaframleiðendur og nýverið lauk Krónan endurvottun Svansins á öllum verslunum fyrirtækisins sem eru 26 talsins. Það hefur haft í för með sér að hver einasta verslun Krónunnar þarf að uppfylla tiltekin umhverfisviðmið til þess að hljóta vottun t.a.m. þegar kemur að orkunotkun, úrgangsstjórnun, framboði á umhverfisvænum valkostum, markmið um sölu lífrænt vottaðra vara svo fátt eitt sé nefnt. Raunar er það svo að Krónan og þar með Íslendingar eiga nú flestar svansvottaðar matvöruverslanir á Norðurlöndunum – og í öllum heiminum ef út í það er farið. Krónan hefur auk þess samtvinnað þessi markmið við lýðheilsu og mannauð innan fyrirtækisins og sett sér mælanleg markmið í öllum þessum flokkum.

Það sem réði þó baggamuninn er ekki síst sýnileiki verslunarinnar út á við sem hefur jákvæð áhrif á daglegt líf tugþúsunda landsmanna sem ná langt út fyrir dyr verslunarinnar. Krónan hefur lagt metnað í sínu kynningarstarfi við að halda á lofti árangri þeirra í umhverfismálum og að ná eyrum almennings. Þá hefur verslunin lagt sig fram við að vekja athygli neytenda á umhverfisvænum valkostum og haldið á sama tíma verðlagningu þeirra á pari við aðra kosti. Að mati dómnefndar er umhverfismenning Krónunnar sterk og rótgróin sem endurspeglast víða í starfsemi hennar.

Dómnefndin óskar Krónunni innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Lokaorð

Dómnefnd þakkar tilnefningarhöfum kærlega fyrir frábærar móttökur við heimsóknir á starfsstaði þeirra og óskar jafnframt öllum til hamingju með vel unnin störf í þágu umhverfisins.